

**Endurskoðuð staðsetning borholu á
Seljavöllum**

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-2003/07

Endurskoðuð staðsetning borholu á Seljavöllum

Þann 4. mars sl. voru aðstæður til borunar eftir heitu vatni á Seljavöllum skoðaðar upp á nýtt með borstjóra Ræktunarsambands Flóa og Skeiða. Niðurstaðan varð sem fyrr að athuga tvo kosti. Annars vegar skáborun ofan í laugasvæðið og hins vegar beina holu skammt utan við neðstu volgrurnar, 14-17°C heitu.

Nýr staður var valinn fyrir skáholuna, sjá meðfylgjandi kort. Sá staður er 25 m innar en í fyrri tillögu, neðan undir ystu laugaþyrpingunni. Borað yrði til norðausturs með 15° halla (frá lóðréttu). Þannig yrði komið í ganginn sem laugarnar koma upp með á rúmlega 100 m dýpi og holubotn þá niður undan næstystu laugaþyrpingunni. Lagt er til að holan yrði boruð í um það bil 150 m dýpi, þannig að hún næði vel í gegnum ganginn, en laugarnar eru margar brekkumegin við hann. Staðurinn var valinn innan við lekar þversprungur á heillegri basaltklöpp. Koma þyrfti steyptri fóðringu ca. 5 m niður í klöppina og fóðra síðan aftur í ca 20 m. Borstaðurinn er í vari af klöppinni sem skagar þarna lítið eitt út í ána. Samt myndi þurfa að steypa vörn kringum holustút og lögn upp fyrir flóðmörk. Hér er stefnt í fremur grunna holu, sem líklegt er að taki vatn frá laugunum ef hún hittir vel í. Væntanlega fengist heitara vatn ef það yrði sótt með dýpri borun.

Í fyrri tillögu var nefnt að bora mætti beint niður eða mjög bratt hallandi holu rétt neðan við neðstu volgrurnar, á móbergsklöpp sem þar kemur fram undan unga móberginu og nær upp í lækjarfarveg nokkru vestar. Við þessa tillögu er haldið, en holuna mætti staðsetja vestar ef mönnum sýnist öruggt um að lækurinn eða skriða fari ekki þar yfir. Slíka holu mætti bora annað hvort sem 3" víða rannsóknarholu eða víðari, og eiga þá kost á að bora hana áfram ef hár hiti gæfi tilefni til. Hér er lagt til að miðað verði við um 80 m dýpi og fóðring steyptr í toppinn. Vídd fóðringar færi eftir því hvað yrði ofan á, en það ræðst aftur af verðmun. Hóla á þessum stað myndi ekki stefna í ganginn sem laugarnar koma upp með, heldur á baklandið með efstu laugunum.

Kristján Sæmundsson

JHD-JK-8601-HeTo
84111448-851

Sammiða gangur/sprungur
hér nærri sta ofar.

(111°C)
22,2°C
26.1. jan. '02

Mynd 3

